

Reglur um vottun virkjana fyrir útgáfu upprunaábyrgða, útgáfufjerli og upplýsingagjöf viðvíkjandi útgáfu upprunaábyrgða

0. ~~Þ.~~Breytingar frá fyrri útgáfu

~~Hér er um frumútgáfu að ræða.~~

Þetta er önnur útgáfa reglnanna. Í samræmi við lögbundið hlutverk sitt sem útgefanda upprunaábyrgða hérlandis og að beiðni hagaðila við útgáfu upprunaábyrgða hefur Landsnet um skeið verið aðili að Association of Issuing Bodies (AIB) í því skyni að gera hagaðilum kleift að stunda viðskipti með upprunaábyrgðir á alþjóðavettvangi. Í þessari útgáfu hefur verið bætt við ákvæðum varðandi gagnaöflun og upplýsingagjöf umsækjanda upprunaábyrgða sem Landsnet hf. telur nauðsynlega vegna útgáfu þeirra til þess að tryggja heilindi við útgáfu upprunaábyrgða og eftir atvikum til samræmis við EECS reglur AIB. Einnig hefur verið bætt við reglurnar frekari skilgreiningum ásamt því að gert er ráð fyrir því að sérhver umsækjandi þurfi að fylla út sérstaka umsókn vegna beiðni um útgáfu upprunaábyrgða.

1. Inngangur

1.1. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 30/2008 um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl. annast Landsnet hf. útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eða samvinnslu raf- og varmaorku. Neðangreindar reglur eiga við um vottanir virkjana ~~fyrir útgáfu upprunaábyrgða, útgáfufjerli og öflun upplýsinga~~ hjá Landsneti hf.

umsækjendum sem Landsnet hf. telur nauðsynlegar vegna útgáfu upprunaábyrgða. Reglurnar grundvallast annars vegar á 2. mgr. 3. gr. laga nr. 30/2008 um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með

endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., en samkvæmt henni, og hins vegar á 2. mgr. 5. gr. sömu laga. Samkvæmt fyrir tilvitnuðu greininni hefur Landsnet hf. eftirlit með því að

raforka, sem það gefur út upprunaábyrgð fyrir, sé í raun framleidd með endurnýjanlegum

orkugjöfum eða samvinnslu raf- og varmaorku í skilningi laga ~~þessarar~~ nr. 30/2008 í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og

án mismununar. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. sömu laga er umsækjanda skylt að veita Landsneti hf. allar upplýsingar sem Landsnet hf. telur nauðsynlegar viðvíkjandi útgáfu upprunaábyrgðar.

2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda um reglur þessar:

2.1. *Endurnýjanlegir orkugjafir*: Endurnýjanlegir orkugjafir sem eru ekki jarðefnaeldsneyti

(vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi).

2.2. *Lífmassi*: Lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs- og efnaleifa frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og húsasorps.
jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, auk lífbrjótanlegs hluta

Liðnaðarúrgangs- og húsasorps-

2.3. *Raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum:* Raforka frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, auk raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni þar sem notaðir eru óendurnýjanlegir orkugjafar auk endurnýjanlegra orkugjafa.

2.4. *Umsækjandi: Umsækjandi um útgáfu upprunaábyrgðar getur verið sá lögaðili sem á og rekur þá vinnslueiningu sem í hlut á eða þriðji aðili sem samið hefur við framleiðanda raforku um heimild til hagnýtingar raforku eða annarra afurða frá þeirri vinnslueiningu sem í hlut á s.s. söluaðili eða endanlegur notandi raforkunnar.*

2.5. Upprunaábyrgð er í reglum þessum notað yfir upprunaábyrgðir af tvenns konar toga:

2.5.1. Upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum: Staðfesting á að raforka sé framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. vindorku, sólarorku, jarðvarmaorku, öldu- og sjávarfallaorku, vatnsorku og orku úr lífmassa, hauggasi, gasi frá

skólphreinsunarstöðvum og lífgasi, en ekki orkugjöfum úr jarðefnaeldsneyti-, og/eða 2.5-2.5.2. Upprunaábyrgð á raforku frá samvinnslu: Staðfesting á að raforka sé framleidd með samvinnslu sem hefur góða orkunýtni samkvæmt viðmiðunum sem Orkustofnun setur.

2.6 Vottunaraðili: Sá aðili sem annast vottun virkjana vegna útgáfu upprunaábyrgða.

3. Vottunaraðili

3.1. Landsnet hf. annast vottun virkjana á Íslandi vegna útgáfu upprunaábyrgða. Vottun annars vottunaraðila en Landsnets hf. á virkjun vegna útgáfu upprunaábyrgða, telst fullnægjandi ef (i) vottun er yngri en 5 ára, (ii) vottunargögn ~~uppfyllti~~uppfylla þær viðmiðanir sem taldar eru upp í 4. kafla

þessara reglna og (iii) vottunaraðili teljast fullnægjandi ~~af~~af mati Landsnets.

4. Viðmiðanir við vottun virkjana

4.1. Við vottun virkjunar vegna útgáfu upprunaábyrgðar skal vottunaraðili ganga úr skugga um að eftirfarandi viðmið séu uppfyllt:

- ~~1-~~ Raforka frá virkjuninni ~~er~~er eingöngu framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum: eða samvinnslu raf- og varmaorku.
- ~~2-~~ Eingöngu ~~er~~er séu gefnar út ábyrgðir fyrir þá raforku sem seld er frá virkjuninni: eða samvinnsluaðili.

~~3-~~ Framleiðandinn einn og/eða aðili sem hann tilnefnir ~~hefur~~hafi rétt til að markaðssetja

- viðkomandi upprunaábyrgðir.
- ~~4-~~ Mælingar á framleiðslu viðkomandi virkjunar ~~eru~~er eða samvinnsluaðili raf- og varmaorku séu áreiðanlegar.

5. Gildistími

~~4.2~~ ~~5-1-~~ Vottun virkjunar og samvinnsluaðili raf- og varmaorku er gild í 5 ár frá þeim degi ~~sem virkjun~~ er vottuð fer fram. Að þeim tíma liðnum skal framkvæma vottun að nýju.

5. Umsóknarferli og upplýsingar frá umsækjanda vegna umsóknar um útgáfu upprunaábyrgða

5.1. Umsækjanda ber að fylla út sérstaka umsókn í tengslum við beiðni hans um útgáfu upprunaábyrgða. Eyðublað umsóknar er að finna á heimasíðu Landsnets. Umsækjandi hefur val um hvort útgefnar verði upprunaábyrgðir í samræmi við EECS reglur Association of Issuing Bodies (AIB) eða hvort óskað er eftir útgáfu upprunaábyrgða sem ekki fullnægja skilyrðum EECS reglna AIB. Umsækjanda ber að veita Landsneti hf. allar upplýsingar sem Landsnet hf. telur nauðsynlegar viðvíkjandi útgáfu upprunaábyrgðar. Ekki er heimilt að gefa út upprunaábyrgð ef fullnægjandi upplýsingar eru ekki fyrir hendi.

5.2. Eftir að gengið hefur verið úr skugga um að umsókn varði raforku framleidda með endurnýjanlegum orkugjöfum eða samvinnslu raf- og varmaorku er upprunaábyrgðin forskráð með rafrænum hætti hjá miðlægum umsýgnaraðila skráninga upprunaábyrgða (Grexel).

5.3. Hafi umsækjandi óskað eftir því að upprunaábyrgð skuli gefin út í samræmi við EECS reglur Association of Issuing Bodies (AIB) og verði hæf til viðskipta sem slík getur Landsnet hf. óskað eftir því að gildandi raforkusölusamningar sem umsækjandi hefur gert verði afhentir Landsneti svo sannreyna megir að samningar sem umsækjandi hefur gert feli ekki í sér takmörkun á heimildum umsækjanda sem framleiðanda raforku til að framselja upprunaábyrgðir þær er umsóknin nær til.

Sé það mat umsækjanda að viðskiptahagsmunir eða trúnaðarákvæði samninga við þriðja aðila komi í veg fyrir að gögn verði afhent Landsneti hf. er honum heimilt að hafna afhendingu umbeðinna gagna. Umsækjandi skal í slíkum tilvikum í stað umbeðinna gagna láta Landsneti hf. í té skriflegt álit sérfræðings, sem aðilar eru sammála um að hafi næga sérfræðipækkingu, hæfni og sjálfstæði til þess að meta gögnin á hlutlægan hátt, sem staðfestir að engin samningsákvæði eða afleiddar skyldur sé að finna í þeim gögnum sem umsækjandi kys að afhenda ekki sem komi í veg fyrir að umsækjanda sé heimilt að framselja þær upprunaábyrgðir sem umsókn varðar.

5.4. Hafi umsækjandi óskað eftir því að upprunaábyrgð skuli gefin út í samræmi við EECS reglur Association of Issuing Bodies (AIB) ber umsækjanda jafnframt í umsókn að tilgreina eftirfarandi með yfirlýsingu sinni:

- a) að hvorki í raforkusölusamningum, né öðrum gögnum umsækjanda, sé að finna samningsákvæði eða afleiddar skyldur sem feli í sér takmörkun á heimildum umsækjanda sem framleiðanda raforku til þess að framselja þær upprunaábyrgðir sem hann tilgreinir í umsókn sinni.
- b) að umsækjanda sé ekki kunnugt um annað en að umsókn hans um upprunaábyrgð, sé í samræmi við gildandi lög, staðla og önnur kröfuskjöl sem um útgáfu upprunaábyrgða gilda.
- c) hvort umsækjandi hafi fengið styrki vegna fjárfestinga við viðkomandi orkuver, aðra opinbera styrki vegna framleiðslu raforku, og ef svo er hvort hæfilegt tillit hafi verið tekið til markaðsvirðis upprunaábyrgða í tengslum við þá styrkveitingu

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum skal upprunaábyrgð í samræmi við EECS reglur AIB gefin út með rafrænum hætti hjá miðlægum umsýgnaraðila skráninga upprunaábyrgða (Grexel) og gerð umsækjanda aðgengileg.

5.5. Í þeim tilfellum sem gefin verður út upprunaábyrgð á grundvelli laga nr. 30/2008 án þess að hún uppfylli EECS reglur AIB skal hún gefin út með rafrænum hætti hjá miðlægum umsjónaraðila skráninga upprunaábyrgða (Grexel) og gerð umsækjanda aðgengileg.

Umsækjandi getur innan gildistíma útgefinnar upprunaábyrgðar óskað þess að fá slíkri upprunaábyrgðri breytt í upprunaábyrgð sem fullnægir EECS reglum AIB enda verði öllum nauðsynlegum gögnum framvísað til Landsnets og þau reynist fullnægjandi að mati Landsnets.